


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ	Námsáætlun NOR1536 (Fjarnám) Haustönn 2016	
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4		

Kennari	Bryndís Indiana Stefánsdóttir	Sk.st.	BIS
----------------	--------------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Norska 1536 er grunnáfangi ætlaður þeim sem ekki hafa tekið norsku í grunnskóla eða kynst norsku að öðru leyti. Í áfanganum er farið í grunn málfræðinnar, orðaforði aukinn með því að lesa, skrifa og hlusta á norsku. Einnig er áhersla lögð á að kynnast landi og þjóð og læra á og nýta sér fjölmörg verkfæri á netinu sem gagnast í tungumálanámi. Nemendur fá aðgang að gagnvirkum síðum til að æfa sig í málfræði og einnig hljóðskrár þar sem málfræðin er útskýrð. Ritmálið sem kennt er á og lesið er bókmál en einnig kynnast nemendur aðeins textum sem skrifaðir eru á nýnorsku og hlusta á mismunandi mállyskur.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- almennum orðaforða sem tengist efni áfangans
- helstu málfræðiatríðum í norsku, s.s. notkun greinis, tíðbeygingu sagna, beygingu lýsingarorða og notkun helstu forsetninga.
- helstu einkennum norskrar tungu í framburði og rituðu máli
- notkun hjálpargagna s.s. orðabóka og leiðréttingarforrita á netinu
- samspili íslenskrar og norskrar tungu, hvað er líkt og hvað er ólíkt.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa fjölbreytta texta sem tengjast efni áfangans
- skilja talað mál um kunnugleg efni
- tjá sig um valin málefni
- rita stutta texta byggða á efni áfangans
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að (hæfni til að...):

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, t.d. fréttir og styttri texta og nýta sér á mismunandi hátt
- nýta grundvallaratriði norskrar málfræði í ritun og tali
- skrifa læsilega texta um ýmis málefni og hagnýta þann orðaforða sem áfanginn byggir á
- nota viðeigandi orðalag í samskiptum
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum
- geta tekist á við áfangann NOR1036

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Námsáætlun NOR1536 (Fjarnám) Haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4		

Námsgögn:

Öll námsgögn birtast á vefsíðu áfangans. Nemendur þurfa ekki að kaupa nein gögn en gott getur verið að prenta út hluta af því sem birtist á vefnum, t.d. kafla í málfræði og lestexta.

Greftegreff, Liv Astrid 1985 (1. utg). Enkel norsk grammatikk. NKS forlaget (á moodle)

Orðabækur að eigin vali. Bent er á bækur sem eru á vefnum.


Vefsíður, m.a. dagblöð og sjónvarp. (www.nrk.no, www.dagbladet.no o.fl)

Námsmat:

Hver lota inniheldur mismunandi mismunandi þætti. Þar sem um fjaráfangana er að ræða er hlutur mæltis máls minnstur en vægi hvers þáttar er nokkurn veginn svona:

Námspáttur		Vægi
Lestur	Lesnar eru smásögur, lestextar og fréttir af netinu auk texta sem búnir eru til af kennara, textaðir sjónvarspþættir og málfræðiútskýringar	40%
Ritun	Í hverri lotu skal skila lokaverkefni og er hluti af því alltaf skriflegur. Nemendur fá alla texta leiðrétt af kennara og í hverri lotu er áhersla á ákveðin málfræðiatrúð.	30%
Hlustun og áhorf.	Nemendur hlusta á texta sem kennari hefur lesið inn á lagt út á Sound cloud. Einng er hlustað á norskt útvarp og sjónvarp, sem og upplasar fréttir úr blöðum. Áhorf á ýmsa þætti sem nemendur geta valið eftir áhugsviði. (nrk.no)	20%
Mælt mál	Skila skal hljóðskrá í sumum lokaverkefnum eða hringja til kennara og eiga í samskiptum á norsku.	10%

Lok áfangans Nemendur hafa val um hvernig þeir ljúka áfanganum. leið 1 og leið 2. Hvor leiðin sem valin er þá er vægi námsþátta hið sama eins og kemur fram hér að ofan.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 3 af 4		
Námsáætlun NOR1536 (Fjarnám) Haustönn 2016		


Leið 1: Skila inn verkefnum á réttum tíma (í mesta lagi 3 dögum eftir að hverri lotu lýkur) og skila þarf 5 verkefnum af 6. Hvert verkefni gildir 20%. Þá er ekkert próf tekið nema nemandi óski eftir því sjálfur. Taki nemandi próf kemur það í stað tveggja slökustu verkefnanna (40%), en þó getur prófið ekki orðið til þess að lækka lokaeinkunn nemandans.

Leið 2: Skila inn minnst þremur verkefnum (skylda að skila inn verkefni nr. 1, önnur verkefni velur nemandi sjálfur) og taka próf í byrjun desember. Hvert verkefni gildir þá 15% á móti prófinu.
(sjá meira um fyrirkomulag prófs á næstu síðu)

Áætluð yfirferð

Áfanganum er skipt upp í 6 lotur sem hver um sig er tvær vikur.

Lota 1 Uke 37-38	Áfanginn er kynntur ítarlega og slóðir inn á orðabækur o.fl. sýndar. Tveir tekstar lesnir en einnig er hægt að hlusta á þá á hljóðskrá. <u>Málfræði í lotu 1</u> = nafnorð; eintala og fleirtala, ákveðinn og óákveðinn greinir. Gagnvirkar æfingar til að æfa málfræðiatríðin.
Lota 2 Uke 39-40	Norge; land, folk og litt historie. Lesteksti með glósum sem unnir er með í skilaverkefnum. <u>Málfræði í lotu 2</u> = töluorð, spurnarorð og lýsingarorð. Gagnvirkar æfingar til að æfa málfræðiatríðin
Lota 3 Uke 41-42	Språk og språkhistorie. Noregur er frumskógur þegar kemur að mállýskum, í landinu eru tvö skrifmál og samíska er einnig opinbert tungumál í landinu. Farið er örlítið inn í þennan frumskóg! Hlustað á mismunandi mállýskur. <u>Málfræði í lotu 3</u> = sagnir (veikar, sterkar og núþálegar). Gagnvirkar æfingar til að æfa málfræðiatríðin.
Lota 4 Uke 43-44	Bytur i Norge. Lestexti með glósum þar sem fjórar stærstu borgir Noregs eru kynntar lítilega. Smásaga sem gerist í Reykjavík lesin (hægt að fá textann á íslensku líka). <u>Málfræði í lotu 4</u> = fornöfn. Gagnvirkar æfingar til að æfa málfræðiatríðin.
Lota 5 Uke 45-46	Aviser, fjernsyn og internett. Tenglar inn á öll helstu dagblöð kynntir og hvernig má horfa á norskt sjónvarp. Lestur, hlustun og áhorf. <u>Málfræði í lotu 5</u> = forsetningar og upphrópanir. Gagnvirkar æfingar til að æfa málfræðiatríðin
Lota 6 Uke 47-48	Hitt og þetta. Upprifjun og undirbúningur fyrir próf. <u>Málfræði í lotu 6</u> = atviksorð og samtengingar. Gagnvirkar æfingar til að æfa málfræðiatríðin.
Próf	Próf inni á moodle fyrir þá sem skilað hafa þremur verkefnum og ljúka


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Námsáætlun NOR1536 (Fjarnám) Haustönn 2016	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4		

Uke 49	áfanganum með prófi.
-----------	----------------------

Í lok hverrar lotu er skilaverkefni. Öll eru þau byggð eins upp; unnið er með textann sem er í lotunni t.d. skrifa smá texta sjálf/ur eða útskýra ákveðin orð og hugtök t.d. með því að setja orðin inn í setningar. Þýða hluta textans á íslensku eða svara spurningum upp úr honum. Öll málfræði er á gagnvirku formi og einnig nokkur önnur verkefni. Skriflegum verkefnum er öllum skilað í svo kallaðan skilakassa inn á heimasíðu áfangas.

Fyrirkomulag prófs: Próf í áfanganum er í byrjun desember. Það er heimapróf tekið í gegnum Moodle. Nemendur hafa 48 klst. til að hefja prófið, en þegar farið er inn á það þarf að ljúka því innan tveggja klukkustunda. Uppbygging prófsins: hlustað er á stuttan texta og hann skrifaður upp, lesskilningur; tveir stuttir textar þar sem svara á spurningum annars vegar skriflega, hins vegar með krossum. Málfræði (innfyllingarverkefni) sem farið hefur verið í.

Með undirskrift sinni staðfestir fagstjóri/ brautarstjóri / staðgengill að þessi áfangalýsing sé samhljóða áfangalýsingu á kennsluáætlun áfangans á þessari önn.

Dagsetning: 19.9.2016

 fagstjóri/ brautarstjóri / staðgengill